

Reynsla landsmanna af afbrotum og viðhorf til lögreglu 4. hluti – Heimilisofbeldi og eltihrell

Útgefið af:

Ríkislögreglustjórnin

[http://www.logreglan.is/
utgafa/tolfraedi](http://www.logreglan.is/utgafa/tolfraedi)

Útgefið í nóvember 2016



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

Umsjón og ábyrgð:

Guðbjörg S. Bergsdóttir, Guðrún S. Baldursdóttir og Ólafur Örn Bragason

Framkvæmd

Lýsing á rannsókn

Framkvæmt: af Gallup fyrir embætti ríkislögreglustjóra og lögregluna á höfuðborgarsvæðinu.

Markmið: Að kanna reynslu landsmanna af afbrotum, viðhorf til lögreglu, þjónustu lögreglunnar og öryggistilfinningu almennings.

Aðferð: Netkönnun.

Framkvæmdartími: 24.05.2016-09.06.2016.

Úrtak: 4.000 manns á öllu landinu, 18 ára og eldri, helmingur af höfuðborgarsvæðinu og helmingur af landsbyggðinni.

Stærð úrtaks og svörun

Upphaflegt úrtak: 4.000.

Fjöldi svarenda: 2.544.

Svarhlutfall: 63,6%.

Tafla 1. Greiningarbreytur

	Fjöldi, vigtuð gögn	Hlutfall, vigtuð gögn	Fjöldi í þýði	Hlutfall í þýði
Kyn				
Karl	1.270	49,9%	115.021	49,9%
Kona	1.274	50,1%	115.411	50,1%
Aldur				
18-25 ára	373	14,7%	33.797	14,7%
26-35 ára	442	17,4%	40.054	17,4%
36-45 ára	426	16,7%	38.591	16,7%
46-55 ára	437	17,2%	39.538	17,2%
56-65 ára	407	16,0%	36.883	16,0%
66 ára og eldri	459	18,0%	41.569	18,0%
Búseta				
Höfuðborgarsvæðið	1.638	64,4%	148.388	64,4%
Vesturland og Vestfirðir	170	6,7%	15.394	6,7%
Norðurland	290	11,4%	26.267	11,4%
Austurland	78	3,1%	7.050	3,1%
Suðurland	206	8,1%	18.673	8,1%
Suðurnes	162	6,4%	14.660	6,4%
Menntun				
Grunnskólamenntun	815	34%	77.445	34%
Framhaldsskólamenntun	836	35%	79.514	35%
Háskólamenntun	773	32%	73.473	32%

Gögn rannsóknarinnar eru vigtuð til þess að úrtak endurspegli þýði sem best með tilliti til búsetu, aldurs, menntunar og kyns (sjá einnig í „Fyrirvarar“ á bls. 6). Fjöldatölur í skýrslunni eru því námundaðar að næstu heilu tölu, en hlutföll miðast við fjöldatöluna eins og hún væri með aukastöfum. Misræmi getur því verið í samanlögðum fjölda einstaklinga í greiningum og í tíðni töflum.


Lögregluumdæmin hafa verið flokkuð eftir búsetu

<i>Höfuðborgarsvæðið</i>	Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu
<i>Suðurnes</i>	Lögreglan á Suðurnesjum
<i>Vesturland/Vestfirðir</i>	Lögreglan á Vesturlandi, Lögreglan á Vestfjörðum
<i>Norðurland</i>	Lögreglan á Norðurlandi eystra, Lögreglan á Norðurlandi vestra
<i>Austurland</i>	Lögreglan á Austurlandi
<i>Suðurland*</i>	Lögreglan á Suðurlandi, Lögreglan í Vestmannaeyjum

*Höfn telst með Suðurlandi frá 01.01.15 þegar breytingar urðu á umdæmaskipan, en var í könnunum fyrir þann tíma hluti af Austurlandi.

Spurning.

Varðst þú fyrir einhverju af eftirtöldu af hendi maka eða fyrrum maka, árið 2015?



Tæp 4% íbúa á aldrinum 18 ára og eldri urðu fyrir andlegu eða líkamlegu ofbeldi af hendi maka eða fyrrum maka á árinu 2015. Flestir urðu fyrir því að endurtekið væri gert lítið úr þeim svo þeim fyndist þeim einskis virði, eða 49% þeirra sem höfðu orðið fyrir ofbeldi. Þá hafði um fimmtingur orðið fyrir að vera ógnað eða hótað, og mjög svipað hlutfall fyrir líkamlegu ofbeldi (21%). Þá höfðu 11% þeirra orðið fyrir kynferðisofbeldi. 27% höfðu orðið fyrir fleiri en einni tegund, þar af 6% fyrir öllum fjórum tegundum ofbeldis.

Marktækur munur var á milli kynja, aldurshópa og búsetu þegar hópurnir sem varð fyrir ofbeldi var borinn saman við þá sem ekki urðu fyrir ofbeldi. Konur urðu frekar fyrir ofbeldinu en karlar, yngri fólk frekar en eldri og hæst var hlutfall meðal íbúa á Suðurnesjum.


Varðst þú fyrir einhverju af eftirtöldu af hendi maka eða fyrrum maka, árið 2015? Með maka er átt við eiginmann/-konu, sambýlismann/-konu eða kærasta/kærustu.

Að endurtekið væri gert lítið úr þér svo þér fyndist þú einskis virði.

Að þér væri ógnað eða hótað, sem getur t.d. falið í sér hótanir um að taka af þér barn/börn, að meiða þig eða einhvern nákominn þér, hótanir um að beita vopni eða hótanir um líflát.


Að þú værir beitt/ur ofbeldi, t.d. ýtt, haldið niðri, verið slegin/n kinnhest, sparkað í þig, þú bitin/n eða verið kýld(ur) með hnefa eða öðru, eða einhverju hent í þig. Þrengt að öndunarvegi þínum eða beitt vopni gegn þér, t.d. hníf.

Að þú værir þvinguð/þvingaður eða reynt að þvinga þig til kynferðislegra athafna, t.d. samfara eða annarra kynferðismaka.



Þegar tekið er tillit til allra þátta. Hversu alvarlegt var atvikið gagnvart þér?

Ekki mjög alvarlegt ■ Nokkuð alvarlegt ■ Mjög alvarlegt



N=75


	Fjöldi (já)	Hlutfall % (já)
Kyn	*	*
Karl	26	2,5%
Kona	54	5,2%
Aldursflokkar	*	*
18-25 ára	16	7,3%
26-35 ára	16	4,6%
36-45 ára	16	4,4%
46-55 ára	16	4,2%
56-65 ára	11	3,0%
66 ára og eldri	5	1,3%
Búseta*	*	*
Höfuðborgarsvæðið	47	3,6%
Suðurnes	11	8,5%
Vesturland og vestfirðir	3	2,2%
Norðurland	13	5,1%
Austurland	3	4,6%
Suðurland	3	1,8%
Menntun		
Grunnskólapróf*	32	5,4%
Nám á framhaldsskólastigi	25	3,4%
Nám á háskólastigi	22	3,3%

Spurning. Varðstu fyrir ógnun/hótun, líkamlegu og/eða kynferðislegu ofbeldi af hendi maka eða fyrrum maka, árið 2015*?

*hér eru ekki teknir með þeir sem höfðu eingöngu orðið fyrir „að endurtekið væri gert lítið úr þér...“

Spurning. Hversu oft að jafnaði varðstu fyrir slíku ofbeldi af hendi maka/fyrrum maka árið 2015*?


*hér eru ekki teknir með þeir sem höfðu eingöngu orðið fyrir „að endurtekið væri gert lítið úr þér...“



Alls höfuð 2% orðið fyrir ógnun/hótun, líkamlegu og/eða kynferðislegu ofbeldi af hendi maka eða fyrrum maka á undangengnu ári, skv. könnuninni. Af þeim sem höfðu orðið fyrir slíku varð um helmingur (51%) fyrir ofbeldinu vikulega eða oftar. Um þriðjungur varð fyrir slíku ofbeldi 1-3 skipti á ári.


Spurning.

Hér að framan merktir þú við að þú hefðir orðið fyrir broti af hendi maka eða fyrrum maka. Myndir þú segja að þú búir enn við þær aðstæður?



Spurning.

Tilkynntir þú heimilisofbeldið til lögreglu?



Mikil fækkun var milli ára á þeim sem tilkynna. Alls voru 40 af 41 sem svöruðu spurningunni í könnun 2016 (1 svaraði „vil ekki svara“). Af þeim voru fjórir sem tilkynntu. Í könnun frá árinu 2015 svöruðu 54 af 59. Af þessum 54 sögðust 19 hafa tilkynnt brotið.


Þar sem aðeins fjórir sögðust hafa tilkynnt heimilisofbeldið í könnun 2016 voru gögnin ekki greind milli hópa.

Spurning.


Varðst þú fyrir eltihrelli (stalking) árið 2015, þ.e. að sami aðili hafi ítrekað sýnt af sér hegðun/áreitt þig þannig að það olli þér ótta eða hræðslu?

	Fjöldi	Hlutfall (%)
Já	48	2,0%
Nei	2380	98,0%
Alls	2428	100%

Hvaða hegðun sýndi þessi aðili? Merktu við allt sem við á:



Hver voru tengsl þín við aðilann sem sýndi slíka hegðun?



	Varð fyrir eltihrell	Hlutfall %
Kyn	25	2,1%
Karl	24	2,0%
Kona	*	
Aldursflokkar	20	6,0%
18-25 ára	10	2,5%
26-35 ára	5	1,2%
36-45 ára	7	1,6%
46-55 ára	4	1,0%
56-65 ára	3	0,7%
66 ára og eldri		
Búseta*	31	2,0%
Höfuðborgarsvæðið	2	1,4%
Suðurnes	2	1,3%
Vesturland og vestfirðir	5	1,8%
Norðurland	1	1,4%
Austurland	8	4,2%
Suðurland	*	
Menntun	23	3,0%
Grunnskólapróf*	12	1,4%
Nám á framhaldsskólastigi	12	1,6%
Nám á háskólastigi		

Um könnunina

Embætti ríkislögreglustjóra og lögreglan á höfuðborgarsvæðinu standa sameiginlega að viðhorfskönnun meðal íbúanna. Árið 2004 var í fyrsta skipti gerð alþjóðleg þolendakönnun (Brotabolar, lögreglan og öryggi borgaranna). Árið 2008 var gerð þolendakönnun samkvæmt löggæsluáætlun 2007-2011 sem náði yfir allt landið. Í kjölfarið hefur embættið lagt fyrir þolendakönnunir fyrir allt landið árin 2009, 2011, 2013, 2014, 2015 og nú 2016.

Könnunin var lögð fyrir í maí og júní 2016 en könnunin miðast að mestu leyti við atburði og upplifun almennings árið áður. Með þolendakönnunum er verið að greina reynslu borgaranna af afbrotum, öryggistilfinningu þeirra í eigin hverfi og í miðborg Reykjavíkur. Einnig er verið að meta störf lögreglunnar og árangur hennar á landsvísu. Í ár er niðurstöðum rannsóknarinnar skipt í fjórar stuttar skýrslur, þ.e. a) um reynslu landsmanna af afbrotum, b) um ótta við afbrot og öryggistilfinningu landsmanna, c) um starf og viðhorf til lögreglu og d) reynslu landsmanna af heimilisofbeldi og eltihrelli.

Þær upplýsingar sem þolendakönnunin veitir lögreglunni og borgurum eru mikilvægar og munu áætlanir lögregluembættanna m.a. taka mið af niðurstöðum hennar.

Fyrirvari

Mikilvægt er að hafa það í huga að tölur eins og þær sem er að finna í þessari skýrslu gefa aðra mynd en afbrotatölfræði ríkislögreglustjóra yfir skráð brot. Í sameiningu gefa þessar tvær upplýsingaveitur fyllri mynd af þróun afbrota á Íslandi. Með árlegum þolendakönnunum gefst tækifæri til að meta þróun til lengri tíma. Þetta er sjöunda þolendakönnunin af þessari gerð sem framkvæmd er hér á landi og gefur hún m.a. ákveðna hugmynd um reynslu af afbrotum og tilkynningahlutfall. Gögnum fyrir þessa könnun var eingöngu safnað í netkönnun eins og síðustu þremur könnunum en svörum í könnun sem lögð var fyrir árið 2011 var safnað í net- og símakönnun en fyrri kannanir byggðu á símakönnun eingöngu. Netkönnunin byggir á úrtaki úr viðhorfahópi Gallup sem er dreginn úr þjóðskrá. Þegar úrtak úr símakönnun var valið þá var það úrtak beint úr þjóðskrá (en ekki viðhorfahópi). Úrtak úr viðhorfahópi endurspeglar mögulega ekki þýði af sömu nákvæmni og símakönnun.

Gögn eru vigtuð eftir kyni, aldri, menntun og búsetu. Það er gert til að þau endurspegli sem best viðhorf landsmanna 18 ára og eldri. Vigtin sem er notuð er ekki nákvæmlega sambærileg vigtunum frá könnun árið 2014 og fyrr, m.a. því Hagstofan gaf út betra manntal sem varð til þess að fyrirtækið sem sá um öflun gagna og vigtun þeirra gat vigtað gögnin með meiri nákvæmni en áður. Prófað var að endurvigta gögn frá árunum 2011, 2013 og 2014 en munur á niðurstöðum var innan vikmarka (miðað við 95% vikmörk), og því ekki breytt í skýrslunni. Þá eru gögnin í ár greind eftir búsetu en fyrri ár var miðað við lögheimili.

Í skýrslunni eru sett fram árin sem rannsóknir voru gerðar, því aðeins í hluta spurninga er spurt um reynslu árið áður.

Tafla 4. Orðalag spurninga

Innbrot: Komst einhver, árið 2015, inn á heimili þitt, dvalarstað, ökutæki þitt eða annað lokað rými án þíns samþykkis og stal einhverju eða reyndi að stela einhverju?

Þjófnaður: Varðst þú fyrir því árið 2015 að einhverju væri stolið frá þér, t.d. veski, reiðhjólí eða öðrum verðmætum (án þess að um innbrot hafi verið að ræða)?

Brot vegna viðskipta á netinu: Varst þú fyrir því, árið 2015, að tapa peningum eða fá svikna vöru vegna viðskipta á netinu?

Ofbeldisbrot: Varðst þú fyrir ofbeldisbroti árið 2015? Með ofbeldisbroti er átt við ofbeldi eða líkamsárás, t.d. ef einhver slær mann með hnefa eða vopni.

Eignaspiöll: Varðst þú fyrir einhverjum af eftirtöldum eignaskemmdum árið 2015? Vinsamlegast merktu við allt sem við á: Að rúða væri brotin á heimili þínu, dvalarstað eða einkalóð; Að krotað eða spreypjað væri á heimili þitt, dvalarstað eða eign á einkalóð; Að lakk væri rispað, þak beyglað eða annars konar skemmdir gerðar á ökutæki þínu; Öðrum eignaskemmdum

Kynferðisbrot: Varðst þú fyrir kynferðisbroti árið 2015? Með kynferðisbroti er t.d. átt við að þú hafir verið þvinguð/þvingaður eða reynt að þvinga þig til kynferðislegra athafna, gripið í þig eða þú snert(ur) kynferðislega gegn vilja þínum.

